

Bæjarráð Hafnarfjarðar.
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu


Vegna Stekkjarbergs 11 - lóðarstækkun

Fyrir hönd eigenda lóðarinnar Stekkjarbergs 11 er óskað eftir lóðarstækkun í átt að Hlíðarbergi samanber meðfylgjandi upprátt.

Hafin er vinna við deiliskipulag lóðar Stekkjarbergs 11 og hefur hún verið kynnt í skipulags- og byggingarráði núna síðast á fundi ráðsins þann 25. ágúst s.l.

Umrædd lóðarstækkun er á landi sem í dag er m.a. vegstæði fyrir aðkomu að Stekkjarbergi 9 og Stekkjarbergi 11. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi frá 1991 er deiliskipulagi Stekkjarbergs 11 „Skálaberg“ frestað. Landnotkun ASH 2013-2025 gerir ráð fyrir íbúðarbyggð á lóð Stekkjarbergs 11.

Landið milli Stekkjarbergs og Hlíðarbergs er vannýtt svæði sem bærinn hefur verið að sjá um hingað til.



Eigendur lóðarinnar að Stekkjarbergi 11, sem í dag er eignarlóð, eru opnir fyrir hugmyndinni um að breyta henni í leigulóð komi til þess að fallist verði á umbeðna lóðarstækkun.
Hugmynd fyrirriggjandi tillögu er að byggðin verði umhverfis sameiginlegan innigarð sem er skjólgóður og sólríkur en jafnframt auki á samskipti íbúanna sem um hann fara. Með þessari breytingu er bærinn að losna við umsýslu á hluta götunnar og bílastæðum, auk þess að landið verður í umsjá húsfélags lóðarhafa sem hafa metnað fyrir umhverfi sínu.

Með von um jákvæð viðbrögð.

Með fyrirfram þökk fyrir afgreiðsluna,
fyrir hönd Bygg bræðra ehf, kt.: 560988-1419, eigenda lóðarinnar

Haraldur Ingvarsson arkitekt FAI

Reykjavík 31.08.2022

Haraldur Ingvarsson +arkitektar fiskislóð 31 101 reykjavík s.: 898 4959